

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

Í stað „75/1981“ í 9. tölulið kemur: 90/2003.

Orðin „og eignarskatt“ í 9. tölulið falla brott.

Í stað „67“ og „75/1981“ í 15. tölulið kemur: 66 og 90/2003.

Orðin „og eignarskatt“ í 15. tölulið falla brott.

Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo: Styrkir sem greiddir eru samkvæmt lögum nr. 152/2006, um ættleiðingarstyrki.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr.:

Í stað „75/1981“ kemur: 90/2003.

Orðin „og eignarskatt“ falla brott.

3. gr.

Í stað „75/1981“ í 2. mgr. 6. gr. kemur: 90/2003.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

Í stað „75/1981“ kemur: 90/2003.

Orðin „og eignarskatt“ falla brott.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Ákvæði 5. mgr. 1. gr. öðlast gildi frá 1. janúar 2007.

*Fjármálaráðuneytinu, 12. janúar 2007.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Helga Helgadóttir.*